



## Fundur í byggðaráði

**32. fundur byggðaráðs, Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2, fimmtudaginn 28. nóvember 2024. Fundur var settur kl. 12:00.**

**Mætt voru:** Sigurður Þór Guðmundsson oddviti, Gunnlaugur Steinarsson, Júlíus Sigurbjartsson, Björn S. Lárusson sveitarstjóri og Bjarnheiður Jónsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Hilma Steinarsdóttir skólastjóri Grunnskólans kom inn á fund undir 1. lið.

Þórarinn J. Þórisson slökkviliðsstjóri kom inn á fund undir 2. lið.

Oddviti lagði fram tillögu um að beita afbrigðum og taka inn erindi frá stjórn bryggjudaga nr. 22 þar sem farið er fram á styrk vegna hátíðar 2025.

Samþykkt samhljóða.

### Fundargerð

#### 1. Erindi skólastjóra Grunnskólans.

Skólastjóri hefur lagt fram hugmyndir um breytta röðun á áfangaskiptingu framkvæmda við lóð skólans. Skólastjóri mætti á fundinn til að gera grein fyrir hugmyndum sínum.

01.1 Skýrsla BSI um aðalskoðun leiksvæða

02.1 Grunnmynd hönnunar lóðar Grunnskólans

01.3 – 01.6 Áfangaskipting framkvæmda við Grunnskólann.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð tekur vel undir hugmyndir skólastjóra og vísar upphæð beiðninnar til þriðja liðar fundarins.

Samþykkt samhljóða.

#### 2. Bréf slökkviliðsstjóra til sveitarstjórnar 20.11.2024

Slökkviliðsstjóri varpar fram í bréfi sínu hugmyndum um endurskipulagningu slökkviliðs Þórshafnar og hugsanleg framtíðaráform. Slökkviliðsstjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir efni bréfsins.

*Bókun um afgreiðslu:* Byggðaráð tekur vel undir hugmyndir slökkviliðsstjóra og vísar upphæð beiðninnar til þriðja lið fundarins.

Samþykkt samhljóða.

---



### 3. Fjárhagsáætlun yfirlit A og B hluti

03.1 Fjárfestingar og viðhald 2025 (útgáfa 8).

Uppfærð útgáfa af fjárhagsáætlun A og B hluti ásamt breytingum á fjárfestingum og viðhaldi, uppfært.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð gerir að tillögu sinni eftirfarandi breytingar á fjárfestingum:

Til lóðar við grunnskóla verði veitt 38 milljónum á árinu 2025.

Til viðgerðar á sparkvellingum verði veitt 8,2 milljónum árið 2025.

Til slökkviliðs verði veitt 45 milljónum á árinu 2025 og 26 milljónum á 3 ára áætlun.

Nefndin vísar áætluninni með áorðnum breytingum til síðari umræðu í sveitarstjórn 12.12.2024

Byggðaráð mælist til þess að velferðar- og fræðslunefnd verði til samráðs um framkvæmdir á skólalóðum.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Fundargerð aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 9.10.2024

Fundargerðin lögð fram.

### 5. Fundargerð 77. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum frá 13.11.2024

Fundargerðin lögð fram.

### 6. Fundargerð aðalfundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga frá 9.10.2024

Fundargerðin lögð fram.

### 7. Fundargerð Samtaka sjávarútvegssveitarfélagafélaga nr. 82 frá 22.10.2024

Fundargerðin lögð fram.

### 8. Fundargerð Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga nr. 83 frá 29.10.2024

Fundargerðin lögð fram.

### 9. Fundargerð framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs. frá 8.07.2024

Lögð voru fram drög að fundargerð skömmu eftir fund. Hinsvegar láðist að fá undirritun framkvæmdastjórnar sem nú liggur fyrir. Framkvæmdastjórn samþykkti á fundinum að skipa Rúnar Bjarnason og Gerði Sigtryggisdóttur í skiptastjórn eftir að öll aðildarfélögin samþykktu að leggja Héraðsnefndina niður.



Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð Langanesbyggðar samþykkir fyrir sitt leiti skipun skiptastjórnar.

Samþykkt samhljóða.

**10. Skýrsla EFLU um raforkuverð á Íslandi frá 2005-2024**

Skýrslan lögð fram til kynningar.

**11. Stjórnsýsluúttekt Strategíu á stjórnsýslu Langanesbyggðar.**

Skýrslan verðu lögð fram á kynningarfundum sveitarstjórnar og deildarstjóra mánudaginn 2. desember kl. 16:00. Sveitarstjórn, byggðaráð og deildarstjórar geta gert athugasemdir fram að þeim tíma – allir hafa fengið skýrsluna í hendur.

Lagt fram til kynningar

**12. Beiðni um fjárstyrk frá félagi eldri borgara vegna ferðar.**

Félag eldri borgara hefur sent beiðni um fjárstyrkt vegna ferðar félagsins.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til fjárstyrk að upphæð kr. 400.000.-.

Samþykkt samhljóða.

**13. Bréf til sveitarfélaga frá Stígamótum um fjárstyrk vegna ársins 2025.**

Félagið fer ekki fram á ákveðna upphæð en minnir á mikilvægi starfsins.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til að samtökin verði styrkt um kr. 100.000.- á árinu 2025.

Samþykkt samhljóða.

**14. Erindi frá lögreglustjóranum á NE með tillögu um framlag sveitarfélaga til starfsemi Bjarmahlíðar.**

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til að orðið verði við óskum um framlag samkvæmt bréfi lögreglustjóra til sveitarfélaga og Langanesbyggðar leggi til kr. 200.000.- til Bjarmahlíðar á árinu 2025.

Samþykkt samhljóða.

**15. Tilboð um langtímalán frá Lánasjóði sveitarfélaga og Landsbankanum.**

Lagt fram tilboð um tvo valkosti vegna hugsanlegs láns frá Lánasjóði sveitarfélaga og tilboð um lán frá Landsbankanum. Boðið er upp á lánaflökk LSS55 og LSS39 með uppgreiðsluheimild hjá LS.



Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til að sveitarstjóri fái umboð sveitastjórnar til að semja við Lánasjóð sveitarfélaga um lán allt að 150 milljónum í lánaflokknum LSS55.

Samþykkt samhljóða.

**16. Framhald af verkefninu Betri Bakkafjörður – Brothætt byggð. Tillaga frá sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri leggur fram meðfylgjandi tillögu að framhaldi á verkefninu Betri Bakkafjörður.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð felur sveitarstjóra að gera drög að auglýsingu í samræmi við starfslýsingu og í samráði við byggðaráð.

Samþykkt samhljóða.

**17. Lögð fram drög að gjaldskrám fyrir sveitarfélagið fyrir árið 2025.**

**Breytingar á gjaldskrám eru merktar með rauðu í drögum.**

Gjaldskrár sem hækka um 3,5% eru:

- A) Gjaldskrár tónlistar- grunn og leikskóla
- B) Gjaldskrá frístundar., tónlistar og leikskóla frá 1.9.2024
- C) Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar

Aðrar gjaldskrár hækka um 5,5%

Mismunandi hækkun er vegna samkomulags um að gjöld sem sérstaklega snerta barnafjölskyldur hækki ekki umfram 3,5%

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til að fjárhæðir vegna tjaldsvæðis verði rúnaðar að næsta hundraði að öðru leiti fyrir sveitarstjórn í núverandi mynd.

Samþykkt samhljóða.

**18. Erindi frá sóknarpresti um geðrækt á vegum kirkjunnar.**

Sóknarprestur fer fram á framlag til fyrirlestrar halds á vegum kirkjunnar.

Kostnaður er á bilinu 150-200 þúsund.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð leggur til að framlag sveitarfélagsins verði allt að kr. 200.000.- til fyrirlestrahalds um geðrækt.

Samþykkt samhljóða.

**19. Laugaskóli 100 ára.**

Laugaskóli verður 100 ára haustið 2025. Af því tilefni er í ráði að ráðast í nokkur verkefni til að minnast tímamótanna. Sjá meðfylgjandi bréf frá skólameistara.

Bókun um afgreiðslu: Langanesbyggð tekur jákvætt í erindið en leggur til að fjármunir verði nýttir úr eignum Héraðsnefndar og leggur til við slitastjórni



Héraðsnefndar að athuga styrkupp hæð sem gæti samsvarað 3 ára arðgreiðslna sjálfandafljóts vegna Þingeyjar.

Samþykkt samhljóða.

**20. Svar umboðsmanns Alþingis við kvörtun Þorsteins Ægis Egilssonar dags. 25.10.2024**

Úrskurðurinn lagður fram:

*Umboðsmaður Alþingis „segist ekki hafa forsendur til að gera, í tilefni af kvörtun yðar, athugasemdir við ákvörðun byggðaráðs um að hætta við ráðningu í starf forstöðumanns íþróttamannvirkis sveitarfélagsins“*

**21. Svar Innviðaráðuneytis við kvörtun L lista frá 21.11.2024**

Úrskurðurinn lagður fram:

*Það er niðurstaða ráðuneytisins að úrskurður oddvita sveitarfélagsins Langanesbyggðar, um að neita kjörnum fulltrúa um stutta bókun við dagskrárlið 13 á fundi sveitarstjórnar þann 14. desember 2023, hafi ekki verið í samræmi við sveitarstjórnarlög. Ráðuneytið telur hins vegar ekki að ástæða sé til að fella úr gildi úrskurð oddvita og er málinu lokið að hálfu ráðuneytisins.*

**22. Erindi frá bryggjuráði vegna beiðni um styrk vegna bryggjudaga 2024 - 2025**

Stjórn bryggjudaga óskar eftir 800.000 kr. fyrir árið 2025.

Bókun um afgreiðslu: Byggðaráð samþykkir umbeðna fjárhæð.

Samþykkt samhljóða.

Fundargerð lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fundi slitið kl. 14:26